

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 947 (11.6.2020) - Samningur um afnot, umráð og útleigu á menningarhúsinu Ungó

Málsnúmer : 201906083

Málsaðili : Gísli, Eiríkur, Helgi ehf.

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 11.06.2020

Inngangur : Gísli Bjarnason, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, kom inn á fundinn kl. 13:07.

Á 946. fundi byggðaráðs þann 4. júní 2020 var til umræðu samningur við Gísla, Eirík, Helga ehf. um afnot, umráð og útleigu á Ungó en hann rann út þann 31.05.2020.

Byggðaráð fól sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og sveitarstjóra að ræða við samningsaðila um framhald máls.

Með fundarboði fylgdu drög að samningi við Gísla, Eirík, Helga ehf. um áframhaldandi leigu á Ungó.

Gísli vék af fundi kl. 13:22.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða að framlengja leigusamning um leigu á Ungó til Gísla Eiríks Helga ehf. til eins árs, til loka maí 2021.